

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2005 frá 8. apríl 2005 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003 að því er varðar úthlutun kóða til skýrslugjafarlanda og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003 að því er varðar uppfærslu skrárinnar yfir flugvelli Bandalagsins ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003):
„- **32005 R 0546**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2005 frá 8. apríl 2005 (Stjtíð. ESB L 91, 9.4.2005, bls. 5).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 7i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003):
„, eins og henni var breytt með:
- **32005 R 0546**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2005 frá 8. apríl 2005 (Stjtíð. ESB L 91, 9.4.2005, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 546/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 91, 9.4.2005, bls. 5.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.